

Skólaráðsfundur 7. desember 2015

Mættir: Eyrún skólastjóri, Margrét og Fríða kennarar, Lára fyrir hönd annarra starfsmanna, Sigrún Elva frá hverfisnefnd, Sunneva og Freydís Dana fyrir hönd foreldra

Elín skrifaði fundargerð.

Desemberskipulag og upphaf næsta árs. Skipulagið er hefðbundin með námi, föndri, heimsóknum á stofnanir eins og Minjasafnið, Hof og kirkjur. Skólinn hefur fengið fyrirspurn um hvort hann fari með börnin í kirkjur og hefur svarað því til að kirkjur eru heimsóttar eins og aðrar menningastofnanir. Lilju jólin eru haldin í skólanum. Skólinn heldur í ákveðnar hefðir og venjur. Skipulagsdagur verður í skólanum 4. janúar og skólahald eftir stundaskrá hefst 5. janúar.

Fundartafla vorannar. Áætlaða að hafa skólaráðsfundi 18. janúar, 29. febrúar, 4. apríl og 9. maí.

Námsmat við lok grunnskóla. Grunnskólum er uppálagt að gefa námsmat í bókstöfum við lok 10. bekkjar. Vinnan við breytingar á námsmati gengur hægt því hægt gengur að fá upplýsingar frá Menntamálaráðuneytinu. Mentor hefur enn ekki gefið út nýtt útskriftarplagg.

Niðurstöður samræmdra prófa. Farið var yfir meðaltöl áranna 2010 – 2014 og niðurstöður 2015. Glerárskóli þarf að bæta sig.

Skólareglur og viðmið um viðbrögð við hegðun. Kennarar eru að skoða hvernig hægt er að vinna með skólareglur í tengslum við agastefnuna Jákvæður agi. Annað starfsfólk á eftir að koma að þeirri vinnu. Þegar vinnan verður komin í ákveðið form þarf skólaráð að taka afstöðu til þess.

Tímaúthlutun næsta skólaárs. Gert er ráð fyrir stórum 1. bekk á næsta ári svo úthlutun lítur út fyrir að verða meiri en fyrir yfirstandandi skólaár.

Framtíð Glerárskóla. Verið er að hugleiða breytingar á skólahúsnæðinu m.a. vegna þess að skólahúsnæðið er komið á tíma og það vantar leikskóla í hverfið.

Loftræsting. Búið er að laga loftræstingu á D-gangi.

Fleira ekki fært til bókunar

Elín Magnúsdóttir